

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi frá
Reykjalundarvegi að Húsadal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 27. ágúst 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi „Með Varmá, frá Reykjalundarvegi að Húsadal.“ Breytingin varðar lóðina Reykjahvol 1 og felst í því að leyfð hámarksstærð bygginga á lóðinni er aukin úr 300 m² í 565 m².

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 30. september 2008,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2008